

## Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

### Metýlfenídat

ATC flokkur: N 06 BA 04 - Metýlfenídat

Dagsetning: 1. mars 2010

---

#### Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Einhver eftirtalinna sjúkdóma:
  - Truflun á virkni og athygli - ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder), **ICD-10 F90.0**.
  - Dúraveiki og dáslekja (narcolepsi) **ICD-10 G47.4**.

Staðfesta þarf að einkenni séu á einhvern hamlandi fyrir sjúkling.

- Greiningin (ADHD) skal gerð af barna- og unglingageðlæknum, barnalæknum með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglunga eða barnataugalæknum.
- Fyrir börn yngri en 6 ára skal gætt sérstakrar varúðar og umsókn skal vera vel rökstudd, þar sem ekki hefur verið staðfest örugg notkun fyrir þann aldurshóp.
- Umsókn skal undirrituð af barna- og unglingageðlækni, barnalækni með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglunga eða barnataugalækni. Í þeim tilfellum sem viðkomandi einstaklingur hefur ekki greiðan aðgang að sérfræðingi og hann í eftirliti hjá heimilislækni getur heimilislæknir sótt um lyfjaskírteini í samráði við sérfræðing.
- Þegar einstaklingur er eldri en 18 ára við upphaf meðferðar, skal umsókn um greiðsluþátttöku vera vel rökstudd, eingöngu geðlæknar geta sótt um lyfjaskírteini í þessum tilfellum.
- Frávik frá vinnureglum, skulu vel rökstudd og verður óskað eftir mati Landlæknisembættisins í þeim tilvikum.
- Þegar sótt er um lyfjaskírteini fyrir einstaklinga eldri en 18 ára skal læknir staðfesta að **ekki sé saga um ávana- og fíknisjúkdóm** né um misnotkun að ræða. Fíknisjúkdómar eru frábending, þeir verða skoðaðir sem frávik og verður óskað eftir mati Landlæknisembættisins í þeim tilvikum.

#### Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga:

E-merkt

#### Gildistími:

Fullorðnir: 1 ár – fyrsta umsókn og 3 ár við endurnýjun

Börn: 3 ár – fyrsta umsókn og 5 ár við endurnýjun